

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Snorradóttur, Mariönnu Jónasdóttur og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti og Indriða Þorláksson ríkisskattstjóra.

Umsagnir um málið bárust frá Bandalagi háskólamanna, Samtökum banka og verðbréfa-fyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, ríkisskattstjóra, Tryggingastofnun ríkisins, Lögmannafélagi Íslands, Kauphöll Íslands og Verslunarráði.

Með frumvarpinu er annars vegar kveðið skýrar á um skyldu ríkis og ríkisstofnana til að standa skil á fjármagnstekjuskatti, hins vegar eru lagðar til breytingar við ákvörðun dráttarvaxta vegna vangreiðslu í samræmi við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 6. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson,
form., frsm.

Árni R. Arnason.

Einar K. Guðfinnsson.

Gunnar Birgisson.

Kristinn H. Gunnarsson.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Össur Skarphéðinsson.

Ögmundur Jónasson.